

Krafla: Framvinduskýrsla um úrvinnslu
jarðeðlisfræðilegra gagna

Freyr Þórarinsson

Greinargerð FP-80/04

KRAFLA: FRAMVINDUSKÝRSLA UM ÚRVINNSLU JARÐEÐLISFRÆÐILEGRA GAGNA

Undir umsjón Freys Þórarinssonar hefur í júní, júlí og ágúst verið unnið að úrvinnslu gamalla og nýrra jarðeðlisfræðilegra gagna frá Kröflu. Hér er gefið stutt yfirlit yfir helstu þætti verksins til þessa og þann tíma sem hver maður hefur varið til þeirra.

Flugsegulmælingar

Flugsegulmælingarnar frá 1970 hafa nú verið tölusettar og eru tilbúnar fyrir túlkun. Verkið var umfangsmeira en ella, þar sem gögn til staðsetninga voru nánast öll týnd. Þegar "reconstruction" gagnanna lauk, voru þau teiknuð í tölum Reiknistofu H.Í.

Þyngdarmælingar

Unnið hefur verið að leiðréttinga-reikningum, einkum fyrir landslag. Þessu verki er næstum lokið og liggur þá fyrir nýtt Bouger-þyngdarkort af Kröflu sem nær yfir stærra svæði en áður og er um leið nákvæmara.

Forritagerð

Unnið hefur verið að gerð tvenns konar forrita aðallega. Annað eru forrit til túlkunar hljóðhraðamælinga, en hitt eru forrit til túlkunar segul- og þyngdarmælinga. Hluti þessarar vinnu var unninn af ROD-launuðum manni og kemur þar á móti sú vinna við forrit fyrir ROD sem hér á eftir er tíunduð.

Vinnuskýrsla júní-ágúst

Brynjólfur Eyjólfsson, Launafll.	<u>tímar</u>
Forrit fyrir hljóðhraðamælingar	201
Flugsegulmælingar	15
Útvinna (fyrir ÓGF)	38
Forrit fyrir ROD	244
	<hr/>
Alls	498

GREINARGERÐASAFN

1980-09-23

Guðni Axelsson, Launafl.	<u>tímar</u>
Flugsegulmælingar	100
Örn Ólafsson, Launafl.	
Leiðréttingar þyngdarmælinga	216
Freyr Þórarinsson, Launafl. 108	
Umsjón	93
<u>Skipting í verkþætti</u>	
	201
Flugsegulmælingar	115
Þyngdarmælingar	216
ROD-verkefni	244
Umsjón	93
	<hr/>
	Alls 869

Reykjavík, 15. september 1980

Freyr Þórarinsson.